

Myndaþáttur eftir Kristin Ingvarsson

22. mars 2022 / Heilbrigðisráðuneytið

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis, að takmarka samkomur enn frekar en áður vegna hraðari útbreiðslu Covid-19 í samfélaginu. Viðburðir þar sem fólk kemur saman verða takmarkaðir við 20 manns í stað 100 áður. Við öll mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum. Ákvörðunin tekur gildi á miðnætti annað kvöld (þ.e. aðfaranótt þriðjuddags). Takmörkun á skólahaldi verður óbreytt.

Íslenskt samfélag tók hröðum breytingum eftir að fyrsta tilfelli Covid-19 greindist á landinu í lok febrúar 2020. Rúmum tveimur vikum síðar var fyrsta samkomubannið sett á þar sem miðað var við að ekki kæmu fleiri saman en hundrað manns. Ekki leið vika þangað til að reglur voru hertar enn frekar og fjöldatakmörkanir settar við 20 manns. Tveimur dögum síðar, þann 24. mars, hóf Kristinn Ingvarsson ljósmyndari að fanga nýjan veruleika með hjálp myndavélarinnar. Við birtum hér myndaþátt úr smiðju Kristins sem sýnir einangrunina í faraldrinum; hvernig nýjar reglugerðir og ótti við smit urðu til þess að fólk hélt sig til hlés, umferð farartækja um götur borgarinnar dvínaði og mannaferðir á vinnustöðum, eins og Háskóla Íslands, urðu fátíðar. Ljósmyndirnar vitna auk þess um fjarlægðartakmarkanir, grímunotkun og einsemd, en ljósmyndarinn gaf sér töluna einn sem útgangspunkt verkefnisins, enda vorum við öll ein í einhverjum skilningi orðsins. Myndirnar sem hér birtast eru einnig heimild um nýja hversdagstilveru á farsóttartímum.

Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir



Ritið
1. tbl. 22. árg. 2022 (183-210)

© 2021 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.22.1.7
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).





















































